



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við vígslu Pakkhússins í Skorradal  
13. ágúst 2011**

Kæru gestir, skógræktarfolk, Borgfirðingar,  
*Kjære norske venner.*

Það er mér sérstök ánægja að koma hingað í Skorradalinn á æskuslóðir föður míns og taka þátt í vígslu Pakkhússins, fagna endurbyggingu þess úr íslenskum viði, tímamótum í varðveislu gamalla húsa og nýtingu skóga sem vaxið hafa í okkar góða landi.

Ég var alinn upp við frásagnir af litríku mannlífi hér um slóðir, fólkinu sem í upphafi síðustu aldar átti sér drauma um sjálfstæði og framfarir í öllum byggðum, gerði ræktun lands og lýðs að kjörorði sínu, myndaði samtök um hugsjónirnar, tók höndum saman í sérhverjum dal.

Borgfirskar sagnir greina ríkulega frá þessu fólki, glímunni við náttúruöflin, harðræðinu sem löngum gerði kjörin kröpp. Sumir leituðu til Vesturheims í von um betra líf eða til að kanna lífshætti á framandi slóðum – það gerði afi minn Kristgeir um skamma hríð – aðrir sóttu menntun til nágrannalanda og komu svo aftur heim, fullir af bjartsýni og baráttuhug.

Pakkhúsið er einmitt minnisvarði um slíka viðleitni; bóndasonurinn Björn frá Vatnshorni tók með sér timbrið tilsniðið þegar hann kom frá Noregi.

Í tímans rás léku veður og vindar húsið grátt og kannski skipti líka sköpum að áhugi og áherslur beindust annað þegar nýir atvinnuhættir tóku að móta mannlíf allt.

Það er því lofsvert framtak heimamanna að endurbyggja þetta gamla hús, nýta norska timbrið sem nothæft var en sækja viðinn að öðru leyti í nágrennið, fá góða liðveislu frá Skógræktarstjóra, flétta saman virðingu gagnvart gömlum tíma og nýja sýn á framtíðina, hefja til vegs gildin sem

löngum hafa dugað þjóðinni best og sýna hvernig trjáræktin, gæði okkar eigin lands, skapa fjölpætt verkefni.

Í upphafi árs ýttum við úr vör með látlausri athöfn á Bessastöðum Alþjóðlegu ári skóga og nú þegar sumri fer að halla heiðrum við í Skorradalnum framtak sem vonandi kennir þjóðinni að meta í senn íslenskan skóg og menningararfinn, söguna sem gömul hús geyma svo vel.

Á undanförnum áratugum hefur orðið afgerandi viðhorfsbreyting í þessum efnum; víða um land getum við í endurgerðum byggingum gengið á vit fólksins sem skóp með ævistarfi sínu grundvöll að því samfélagi sem við höfum notið.

Pakkhúsið í Skorradal bætist nú í þessa flóru, byggt að nýju úr viði dalsins, sönnun þess að þáttaskil hafa orðið í íslenskri skógrækt, sérstakt á ýmsan veg, gamalt hús úr alfaraleið en þó stolt borgfirskrar sveitar; okkur mörgum huliðsheimur minninganna sem tengjast öfum okkar og ömmum, foreldrum og frændfólki. Hér voru systkinin Grímur, Jón og Kristrún að leik meðan Kristgeir og Guðný heilsuðu upp á bóndann, húsfreyjuna og annað heimilisfólk.

*Kjære norske venner.*

*Begynnelsen, det vil si oppføringen av huset for over 100 år siden, knyttet oss til Norge, og derfor er det gledelig, at vi her i dag har besøk av en imponerende gruppe gode venner, noe som understreker den støtten dette prosjektet har fått fra Bergen og Hordaland. I anledning av husets innvielse vil jeg si tusen takk til våre gode gjester for denne støtten, det norske bidraget til renovering av Pakkhúsið.*

*Borgarfjörður er uten tvil et sted helliget av den vennskap og historie som knytter så sterke bånd mellom Island og Norge. Snorrastofa i Reykholt fikk i perioden opp til årtusenskiftet betydelige bidrag fra Norge, tre generasjoner i det norske kongehuset har besøkt Borgarfjörður i løpet av de siste årene – og nå har Bergen og Hordaland en viktig del i renoveringen av Pakkhúsið i Skorradalur.*

*I disse dager, når det norske folket preges av en ufattelig sorg og vi islendinger erklærer vår dypeste medfølelse med vår vennskapsnasjon, er det godt å kunne møtes her i Borgarfjörður og ved selvsyn konstatere i skogens fremvekst hvordan tiden leger de jordiske sår.*

Ég færi alúðarþakkir öllum sem hér hafa komið að góðu verki og óska Borgfirðingum sérstaklega til hamingju; hvet þjóðina líka til að sjá í endurreisn Pakkhússins tækifærin sem landið býr yfir og mikilvægi sögunnar, þeirra gilda sem dugað hafa Íslendingum einna best.